

33
4. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við lögin komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar, heimilað, að við menntaskólana starfi óskipt miðskóladeild til vorsins 1954.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)Björn Ólafsson.34
4. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Nr. 6 í 25. kafla orðist svo:			
6 — annað	1 kg	1	2
2. Orðin „svo og hexan“ í nr. 60a í 28. kafla falla niður.			
3. Á eftir nr. 60b í 28. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
60c Hexan	—	2	
4. Nr. 4 í 54. kafla orðist svo:			
4 — úr vefnaði, flóka, sefi, stráí ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum, gúmmísólum eða sólum úr öðrum efnum, þar með taldir strigaskór og inniskór, enda sé minna en 50% af þunga skófatnaðarins kátsjúk	—	20	40